

ADSENDAR GREINAR

Árangur í kvennabaráttu



Steinunn Valdís Óskarsdóttir

KVENNALISTINN hét nýlega landsfund þar sem samþykkt var tillaga um að ganga til mælefnaviðræðna við A-flokkana um samstarf í næstu þingkosningum. Nokkuð hefur verið rætt um þessa tillögu í fjölmöldum og hefur umhöllunin einkennst af upphrópunum og yfirlysingum um að verið sé að leggja samtökini niður, eða að Kvennalistinn sé að renna saman við aðra flokka. Þær konur sem stóðu að tillögnum hafa marg oft bent á þá staðreynd að í þessu felst eingöngu umboð til viðræðna, framhaldid ræðst síðan af niðurstöðum þessara viðræðna. Alþjóðubandalagið hét landsfund helgina á undan Kvennalistanum og samþykkti þar nákvæmlega samþerilega tillögu sem fól í sér umboð til formanns flokksins til mælefnaviðræðna. Enginn talði þá um að verið væri að leggja Alþjóðubandalagið niður eða að flokkurinn væri að renna saman við önnur stjórnmálasamtök. Staðreyndin er nefnilega sú að framundan er mikil vinna hjá þessum flokkum við mál-efti og áherslur. Það verður því ekki fyrr en á næstu landsfundum, þegar niðurstöður liggja fyrir, sem

ögurstundin rennur upp. Hvað þá gerist er ekki gott að segja, en eflaus munu einhverjir sem ekki geta sett sig við niðurstöðuna fara annað.

Óljós skil milli flokka

Um þessar mundir eru íslensk stjórmál í mikilli deiglu þar sem flokksbund hafa trostnæð og hugmyndafræðileg skil milli flokka orðið æ óljósari. Hver hefði t.d. trúð því að Framsóknarflokkrinn

i Reykjavík auglýsti eftir fólkum utan flokksins til að taka þátt í forvali vegna kosninga, eins og nú hefur orðið raunin. Skilgreiningar eru farnar að riðlast og pólitíkin er ordinari en hún hefur nokkurn tíma verið. Krafa tímans er samvinna og samstilling krafta þess fólkus sem hefur kennit sig við félagshyggju. Það er einnig krafa tímans að konur og karlar starfi hlið við hlið að mótu þess samfélags sem við viljum sjá í framtíðinni. Það er leikur Kvennalistinn og kvenfrelsishugmyndir hans stórt hlutverk. Mikilvægi Kvennalistans í íslenskri pólitíki er óumdeilanlegt, en það er líka staðreynd að það er erfitt að vera andófsafl i fimmtíðin á og láta kven-

Krafa tímans, segir Steinunn Valdís Óskarsdóttir, er samvinna og samstilling.

frelsisröddina hljóma svo eftir sé tekið.

Hugmyndir Kvennalistans

Hugmyndir þær sem Kvennalistinn fer nú með í viðræður við A-flokkana byggjast á því að samþætta jafnréttishugsun inn í alla almenna stefnumörkun. Auðvítad er samþætting sem aðferð ekki nýtt fyrirbæri og ekki markmið í sjálfi sér. Það er hins vegar mikilvægt að hætta að lita á jafnrétti sem sérafmarkað fyrirbæri og fléttu viðhorfið inn í alla almennu stefnumörkun. Til þess er hægt að nota samþættingaráðferðina. Gertrud Åstrom sem er sánskur félagsfræðingur hefur lýst þessu þannig að á undanförnum árum höfum við byggt „jafnréttisherbergi“ við hlið hins pólitiska húss. Þannig hafi málnefnum, sem flokkuð hafi verið sem jafnréttismál, gjarnan verið skelt inn í „jafnréttisherbergi“ og þar með hafi málin verið afgreidd. Konur hafi setið inni í jafnréttisherberginu og unnið að jafnréttismálum. Ekki má þó skilja orð míni þann-

ig að vegna þessa hafi ekkert gerst að undanförnum árum, þvert a móti. Próunin hefur leitt til þess að marginir einstaklingar hafa sérhæft sig í jafnréttismálum og umræðan hefur fært okkur mörg skref fram á við.

Samþætting í reynd

Að undanförnu hafa kvennalista-konur rætt hvernig hægt sé að nota þessa aðferðafræði hér á Íslandi. Norræna ráðherranefndin hefur nú nýlega sett af stað priggja ára samþættingarverkefni sem spróttar- og tömstundaráð Reykjavíkur tekur þátt í. Þar mun öll starfsemi stofnunarinnar verða skoðuð og greind með tilliti til stóðu kynjanna. Skoda þarf fjárvetingar til spróttastarfs og æskulýsstarfs

m.t.t. fjölda æfingatíma karla og kvenna, hæfni þjálfara, launa til leikmanna og fleiri atriða. I Sviðjóð hefur t.d. samska Íþróttasambandið reynt aðferðafræði í líkingu við samþættingu með góðum árangri. Þar hefur verið gerð mjög metnaðarfull jafnréttisætlun um jafnan hlut kynjanna í stjórnun og nefndum. Markmiðið er að tryggja jafnrétti innan spróttanna sem þýðir að konur og karlar eiga jafna möguleika til spróttaiðskunar og forgangs-röðunin er jöfn. Þæði kynin hafa þannig jafna möguleika til þátttöku og jafnræði ríkir varðandi fjármagn og stjórnun samtaka og félaga innan samska Íþróttasambandsins.

Mæð samþættingu gegnum lýsum við stóðuna eins og hún er í dag og setjum okkur síðan rauhnæf markmið til að jafna út hugsanlegan mun. Þannig sköpum við samfélag jafnadar og kvenfrelsins.

Höfundur er borgarfulltrúi.